



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á Fjölskylduhátíð á Húsavík
í opinberri heimsókn í Norðurþing
18. október 2017**

Sveitarstjóri,
ágætu íbúar Norðurþings,
kæru vinir

Mikið er gaman að vera með ykkur hér, að kvöldi viðburðaríks dags. Við Eliza þökkum kærlega þann hlýhug sem okkur hefur verið sýndur. Í ávarpi af þessu tagi er við hæfi að líta um öxl og horfa líka bjartsýn fram á veg. Á þessum slóðum er hvort tveggja hægðarleikur, og í raun má segja að óvíða sé maklegra að rifja upp þætti úr sögu okkar Íslendinga en hér við Skjálfandaflóa. Hvergi annars staðar er hægt að hverfa lengra aftur í horfinn heim, nær upphafi byggðar í landinu, ef marka má fornar sögur okkar. Þær greina frá því að hér settist Náttfari að, fyrstur allra, og vissulega má haldi nafni hans á lofti; það gerðu Húsvíkingar með glæsibrag, fögnuðu 11 alda afmæli Íslandsbyggðar árið 1972 en ekki tveimur árum síðar eins og við hin. Með þessu sýndi heimafólk sínum manni virðingarverða ræktarsemi. Svo má auðvitað greina í þessum sérstöku hátíðarhöldum ákveðið sjálfstæði, stolt og sjálfsöryggi.

Við getum ímyndað okkur að Náttfari hafi einmitt verið þeim kostum búinn og eru þetta ekki ágætis einkunnarorð að sækja í liðna tíð? Sjálfstæði og stolt; þess anda gætti sannarlega í Þingeyjarsýslum á nítjándu öld, svo að við stígum nú í einu vetfangi stórt skref í átt að okkar dögum. Hér var fyrsta kaupfélagið stofnað, hér sveif andi framfara yfir vötnum. Hér var Þjóðlið Þingeyinga sem hugðist „ávinna Íslendingum fullkomið stjórnfrelsi“ eins og sagði í lögum félagsins, og þá var bókmenning að margra sögn meiri í þessu héraði en annars staðar í landinu. Sú menning var alþjóðleg. Á Auðnum, því kunna heimili Benedikts Jónssonar og Guðnýjar Halldórsdóttur, opnaði bókakostur glugga út í víða veröld; þar las fólk Shakespeare og Selmu Lagerlöf, Ibsen og Voltaire.

En kærur vinur, við skulum samt ekki búa til einhverja helgisögu. Úr þessum landshluta fluttu einna flestir til Vesturheims þegar það tækifæri bauðst. Hér voru feikna harðindi og fátt til bjargar, hafísvetur og nábylið við Öskju gerði illt verra; eldsumbrot þar árið 1875 ollu þungum búsisfjum. Já, náttúran getur verið harður húsbóndi hér. Kröflueldar eru mörgum eflaust í fersku minni og Kópaskersskjálftinn sömuleiðis. Þá eru ekki nema fimm ár síðan um tíu þúsund fjár urðu úti í óveðursskoti sem reið yfir þennan hluta landsins.

Á framfaraöld eigum við þó ekki lengur líf okkar frá degi til dags undir duttlungum náttúrunnar. Á framfaraöld hefur okkur meira að segja auðnast að virkja afl hennar. Í þeim efnum hafa deilur vaknað, það þekkja Þingeyingar. Nú viljum við hafa sjálfbærni að leiðarljósi og forðast óafturkræf spjöll í orkupágu.

Góðir áheyrendur: Fegurðin sem býr í náttúrunni verður ekki metin til fjár. „Hvað sem hver segir er fegurðin ekki skraut heldur kjarni lífsins.“ Þannig kvað Sigurður Pálsson skáld sem nú er nýlátinn. Hjá æskustöðvum á Skinnastað sá hann til allra átta, heillaðist af landkostum og hinni miklu víðáttu sem bar fyrir augu. Sigurður ólst upp á menningarheimili – við getum vel sagt að það hafi verið í anda hinnar miklu vakningar sem varð hér í Þingeyjarsýslum á nítjándu öld. Svo hélt drengurinn suður til náms, við Menntaskólann í Reykjavík. Þá víkkaði sjóndeildarhringurinn enn frekar, meira var hægt að bera saman. Loks gerðist hann heimsborgari, bjó um árabil í París, lærði frönsku og önnur tungumál enda er kunnátta í öðrum málum einatt lykillinn að því vera vel mæltur á sína eigin tungu. Við eflum ekki íslenskuna með því að halda henni tandurhreinni, án erlendra orða sama á hverju bjáti. Í eftirmælum um Sigurð Pálsson sögðu menntaskólavinir frá því að þegar hann kom suður hefðu þeir tekið strákinn frá Skinnastað til Þingvalla svo að hann fengi að líta fegursta stað Íslands. „Kid stuff,“ kvað okkar maður þá við.

Já, hann sagði „Kid stuff“, barnaleikur á ensku, smáræði. Sigurður Pálsson varð nú samt meistari íslenskrar tungu, orti ljóð sem munu lifa með okkur svo lengi sem við tölum, skiljum og unnum máli okkar. Þess vegna mátti rifja upp þessa slettur hans, sem var auðvitað slengt fram í gamni en Sigurður vildi bara halda því til haga að þótt Þingvellir mættu kallast fagur sögustaður væri Ásbyrgi hér nyrðra óviðjafnanlegt náttúruundur. Annars var Sigurður Pálsson einatt hógværdin uppmáluð – og má þá kannski geta þess að hann var ekki Þingeyingur að ætterni, heldur frá Borgarfirði og víðar í móðurætt og faðirinn Skaftfellingur.

Söguna um tilurð Ásbyrgis læra börn vonandi enn, að Sleipnir, hinn áttfætti fákur Óðins, hafi svifið um himinhvolfin en drepit niður fæti á jörðu niðri. Þá hafi myndast hóffar – Ásbyrgi – og eyjan í því miðju sé far eftir hóftunguna. Reyndar finnst mér liggja í augum uppi að ungmenni hér kunni þessi goðafræði. Í rokksveitinni Skálmöld eru kappar með þingeyskar rætur, í söngvum þeirra er heiðinn siður í hávegum hafður eins og heitin á plötum þeirra sýna svo vel: Baldur, Börn Loka, Með vættum og Vögguvísur Yggdrasils. Og í einu laga sinna rymja

þeir Skálmaldarmenn einmitt um Sleipni: „Áttfættur fákurinn æðir um jörð, alföður hnarreistur ber hann.“

Kæru vinir: Í árána rás hafa landsins gæði og fegurð hér í sveitum orðið mörgum yrkisefni. Öflug skáld koma í hugann, Einar Benediktsson, Jóhann Sigurjónsson, Guðmundur og Sigurjón Friðjónssynir frá Sandi og þær systur frá Auðnum, Aðalbjörg, Bergljót og Unnur Benediktsdætur. Unni þekkjum við best undir skáldanafninu Hulda og óður hennar til ættjarðarinnar snertir okkur Íslendinga vonandi enn með eins sterkum hætti og hann gerði lýðveldisárið góða, 1944:

Hver á sér fegra föðurland,
með fjöll og dal og bláan sand,
með norðurljósa bjarmaband
og björk og lind í hlíð?

Hver á sér fegra föðurland? Í huga Huldu var sú spurning að sjálfsögðu fölskvalaus. Sönn ættjarðarást er okkur svo verðmæt. Hún er laus við dramb, laus við hleypidóma, en full sjálfstrausts og vona um bjarta framtíð. Við megum vel við una þegar við leggjum mat á samfélag okkar nú um stundir. Margt er svo miklu betra en áður fyrr.

Fólk hefur öðlast sjálfsögð réttindi, ólíkt því sem áður var. Rifjum til dæmis upp mæðusamt lífshlaup Ingiríðar Eiríksdóttur, sem fæddist í Aðaldal hér í grennd árið 1777. Hún var niðursetningur, ómági og flökkukona, þurfti stundum að stela sér til matar, og yfirvaldið tók hart á því. Áður en yfir lauk hafði hún verið húðstrýkt nær 150 sinnum.

Fólk hefur þurft að berjast fyrir rétti sínum. Þannig bar það til hér á Húsavík fyrir réttum hundrað árum að hafist var handa við stofnun verkakvennafélags og tók það til starfa vorið 1918. Ekki var vanþörf á, laun kvenna mun lægri en karla og litla vinnu að hafa, nema þá helst við að vaska og breiða fisk, og það var ærið strit hér fyrir neðan bakka: „Konurnar stóðu við þvottastampana úti,“ segir í samtímaheimild, „og þvoðu saltfiskinn, ekki beinlínis skartbúnar, í strigapilsum með olíusvuntur ef þær voru þá til. Og þarna sá maður þær í misjöfnum veðrum. Urðu þær lifandi fagnar að fá eitthvað að gera og geta keypt sér fyrir aurana eitthvað á börnin eða „sína ögnina af hverju“ án þess að þurfa að taka það í reikning bóndans sem oftast stóð illa.“

Og ekki var aðbúnaður verkamanna skárri. Fyrir réttari öld var hart í ári, heimsstyrjöld geisaði og erfitt um aðföng. Ráðist var í kolanám á Tjörnesi og vinnan þar var ekkert sældarlíf. Því lýsti Jónas Jónsson frá Hriflu tæpitungulaust í Tímanum: „Verða verkamennirnir daglega holdvotir frá hvirfli til ilja og hlífðu þeim engin vosklæði, ... Var það ekki heiglum hent að ganga húðvotir þrem sinnum á dag stekkjurlangan veg milli námunnar og skálans, í grimmdarhörkum og

stórhriðum.“ Reykur og þungt loft var líka til mikils ama og stórhætta stafaði af sífelldu grjóthruni.

Já, nú er öldin önnur, í jarðgöngum og mannlífinu öllu. Ágæta heimafólk í Norðurþingi, horfum um stund saman fram á veg. Hvernig samfélag viljum við efla, styrkja og skapa? Í öflugu samfélagi þarf að vera næg atvinna fyrir alla, fjölbreytt og trygg svo að allir geti fundið starf sem hæfir menntun, óskum og hæfileikum hvers og eins. Þá þurfa samgöngur að vera greiðar og húsakostur nægur.

Ekki er síður brýnt að íbúarnir geti gert sér glaðan dag, sungið í kór, stofnað hljómsveit eins og Ljótu hálfvitana, numið myndlist, stigið á svið í leikfélagi, látið gott af sér leiða í björgunarsveit, stundað íþróttir, skokkað í hlaupahóp og notið annarrar afþreyingar. Já, maður er manns gaman. „Verst af öllu er í heimi einn að búa í Reykjavík,“ segir Jónas Friðrik, textahöfundurinn snjalli frá Raufarhöfn. Og hér er við hæfi að óska íbúum þess byggðarlags til hamingju með hálftrar aldar afmæli Hnitbjarga á dögnum; þar hafa mörg danssporin verið stigin, afmæli haldin og ættarmót.

Góð heilsa er gulls ígildi, heilbrigð sál í hraustum líkama helsta undirstaða vellíðunar. Í öflugu samfélagi þarf fólk að geta sótt örugga heilbrigðisþjónustu á heimaslóð. Menntun er ein meginstoðin enn. Börnin þurfa leikskóla og grunnskóla með hæfu starfsfólki og ungmennin verða að geta sótt framhaldsnám á eða nærri æskuslóðum. – Aftur eru heillaóskir sjálfsagðar, í fyrri mánuði fagnaði Framhaldsskólinn á Húsavík þrjátíu ára afmæli.

Loks verða þeir sem búa við fötlun eða þroskaskerðingu að fá sjálfsagðan atbeina, og hlúa verður vel að öldruðum á ævikvöldi. Í stuttu máli: Sjálfsögð þjónusta og velferð verður að vera í boði – og fólk þarf að standa saman. Áðan nefndi ég fjárfellinn í illviðrinu mikla haustið 2012; í þeim hremmingum sýndu björgunarsveitir á þessum slóðum mátt sinn og megin. „Koma svo grænir, allir í gallana!“ syngja Húsvíkingar auk þess á kappleikjum: „Við erum Völsungar og berum höfuð hátt, í þessu ástandi það stöðvar okkur fátt.“ Reyndar er það eftirtektarvert hversu margir Húsvíkingar og aðrir Þingeyingar hafa gert garðinn frægan á knattspyrnuvöllum – og þarf þá ekki einu sinni að nefna til leiks þá Guðjohnsena sem eiga rætur sínar hér.

Í öflugu samfélagi fá þeir að skara fram úr sem til þess hafa hæfileika og metnað. Um leið má enginn vera utangarðs. Við þurfum að taka vel á móti þeim sem vilja flytja hingað frá útlöndum og leggja sitt af mörkum. Í öflugu samfélagi þolum við ekki heldur einelti, við þolum ekki þöggun eða ofríki, höfum ekkert umburðarlyndi gagnvart hvers kyns áreitni eða ofbeldi.

Kæru vinir: Hér á fólk enn mikið undir því að vel ári til sjávar og sveita en orkuvinnsla og iðnaður hafa aukið fjölbreytni í atvinnumálum. Jafnframt eru ýmis

störf á sviði þjónustu og hátækni ekki lengur eins staðbundin og þau voru áður fyrr – og svo er það ferðaþjónustan, vaxtarbroddur í efnahag okkar Íslendinga um þessar mundir. Hingað til Húsavíkur flykkjast nú frá öllum heimsins hornum útlendingar í hvalasiglingar, á Kópaskeri er fróðlegt jarðskjálftasetur og heimskautsgerðið á Raufarhöfn lofar góðu. Öll er Melrakkaslétta tilvalin til fuglaskoðunar, Dettifoss og Ásbyrgi ekkert „kid stuff“. Svo getum við þreytt Jökulsárhlaup eða arkað Sléttugönguna, haldið á Mærudaga hér á Húsavík, Sólstöðuhátíð á Kópaskeri og Hrútaginn á Raufarhöfn.

Kæru vinir: Hingað í Norðurþing er ljúft að koma, hér höfum við hjónin notið gestrisni, hér eru sóknarfæri. Við hlökkum til frekari ferða á morgun; hlökkum til að hitta fleira heimafólk, fræðast um liðna sögu og horfur á komandi tímum. Framtíðin er í ykkar höndum. „Allt lífið er fram undan,“ söng hin húsvíska Birgitta Haukdal í Eurovision á sínum tíma. Fáðið sanngjörn tækifæri til að sýna hvað í ykkur býr og þá eru ykkur allir vegir færir.